

L Ö G

116

30. des.

um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, skulu gilda til 1. febr. 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

117

30. des.

um tekjuskattsviðauka 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1950 leggja á tekjur ársins 1949 skattaauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

Af	9—10 þús. kr.	greiðist	20 kr.	af	9 þús. og 4 % af afgangi.
—	10—12 — — —	—	60 — —	10 — —	5 — — —
—	12—14 — — —	—	160 — —	12 — —	6 — — —
—	14—17 — — —	—	280 — —	14 — —	7 — — —
—	17—20 — — —	—	490 — —	17 — —	8 — — —
—	20—25 — — —	—	730 — —	20 — —	9 — — —
—	25—30 — — —	—	1180 — —	25 — —	10 — — —
—	30—40 — — —	—	1680 — —	30 — —	11 — — —
—	40—100 — — —	—	2780 — —	40 — —	12 — — —
—	100—125 — — —	—	9980 — —	100 — —	10 — — —
—	125—150 — — —	—	12480 — —	125 — —	7 — — —
—	150—200 — — —	—	14230 — —	150 — —	5 — — —
—	200 — — —	—	16730 — —	200 — —	— — —

117
30. des.

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.